



Lindaskóli

# Sjálfsmatsáætlun

2015 - 2018



Ábyrgðaraðili  
Hilmar Björgvinsson aðstoðarskólastjóri

Áætlun unnin af sjálfsmatssteymi skólans í samstarfi við aðra starfsmenn skólans  
Skólaárin 2014-16



## Efnisyfirlit

1. Inngangur .....	4
2. Lindaskóli.....	4
3. Mat á skólastarfi .....	6
3.1 Tilgangur og markmið matsins .....	7
3.2 Matsteymi .....	8
3.3 Aðferðir og framkvæmd matsins.....	9
4. Matstæki Lindaskóla .....	10
4.1 Matstækið Skólapúlsinn .....	11
4.1.1 Nemendakönnun .....	11
4.1.2 Starfsmannakönnun .....	12
4.1.3 Foreldrakönnun .....	12
4.2 Tengslakannanir og mat á líðan nemenda .....	12
4.3 Námsmat Lindaskóla .....	13
4.3.1 Skimanir.....	13
4.3 Utanaðkomandi mat.....	16
5. Sjálfsmatsáætlun Lindaskóla 2015-2018 .....	16
5.1 Viðmið Lindaskóla.....	21
6. Lokaorð .....	22
Heimildaskrá.....	23
Viðaukar .....	24
Fylgiskjal 1 – Yfirlit yfir matsþætti Skólapúlsins .....	25
Nemendakönnun.....	25
Starfsmannakönnun .....	25
Foreldrakönnun .....	27
Fylgiskjal 2 – Frammistöðumat - sjálfsmat nemenda og mat kennara.....	30
Fylgiskjal 3 – Tengslakannanir fyrir 1. – 10. bekk .....	32
Fylgiskjal 4 – Mat á haustfundum.....	33

## 1. Inngangur

Í þessari skýrslu er fjallað um sjálfsmatsáætlun Lindaskóla fyrir skólaárin 2015-2018. Skýrslunni er skipt upp í fjóra meginkafla. Fyrst er fjallað almennt um Lindaskóla þar sem gerð er grein fyrir sögu hans og gerð. Því næst er fjallað almennt um mat á skólafarfi og tilgangi þess. Í þriðja kaflanum er fjallað um þau matstæki sem skólinn styðst við, s.s. matstækið *Skólapúlsinn* og önnur matsverkefni. Að lokum er sjálfsmatsáætlun Lindaskóla fyrir skólaárin 2015-2018 gerð skil þar sem gerð er grein fyrir skipulagi matsins, hvaða þættir verða kannaðir, hvenær þeir verða kannaðir og hverjir koma að matsvinnunni og bera ábyrgð á henni. Í viðauka er að finna m.a. matslista og kannanir sem skólinn leggur fyrir einstaka hópa.

## 2. Lindaskóli

Lindaskóli tók til starfa 1. september 1997 og er því á 19. starfsári. Lindaskóli stendur við Núpaland og er staðsettur í miðju skólahverfinu. Hann er heildstæður grunnskóli með nemendur í 1. – 10. bekk. Haustið 2015 eru tæplega 500 nemendur í skólanum og 70 starfsmenn.

Húsnæði Lindaskóla er mjög gott og sama má segja um aðbúnað til kennslu. Íþróttahús er við skólann en nemendur sækja sundkennslu í Salalaug og nemendur elsta stigs sækja íþróttakennslu í Smáran. Við skólann er gott útivistar- og leikvæði fyrir nemendur. Auk ýmissa leiktækja eru á skólalóðinni fótboltavellir þar af einn gervigrasvöllur, körfuboltavellir og nýr glæsilegur hreystibrautarvöllur. Skólinn hefur til umráða tvö útikennslusvæði og er annað þeirra stutt frá skólanum og hafa nemendur og starfsmenn verið að byggja það upp síðustu þrjú skólaárin. Það svæði er nýtt í samvinnu við leikskólana í hverfinu, Núp og Dal og heitir Lindaskógur.

Félagsmiðstöðin Jemen er starfrækt í húsnæði skólans og sér hún um félagslíf nemenda á unglíngastigi. Dægradvöl er í boði fyrir nemendur í 1. – 4. bekk þar sem áhersla er lögð á frjálsan leik en einnig skipulögð námskeið undir stjórn starfsmanna og kennara.

Í skólanum er lögð áhersla á teymisvinnu og teymiskennslu. Í 1. - 3. bekk er teymiskennsla þar sem allur árgangurinn er í sama bekk með tvo til þrjá umsjónarkennara. Slíkir kennsluhættir hafa gefist mjög vel og hafa marga kosti bæði fyrir nemendur og samstarf kennara en markmið teymiskennslu er m.a. að gera skólastarfið árangursríkara. Með teymiskennslu eykst sveigjanleiki og fjölbreytni í verkefnum, það er auðveldara að mæta ólíkum þörfum nemenda, nemendur verða hluti af fjölbreyttari félagahópi sem auðveldar þeim að eignast vini og nemendur tengjast fleiri kennurum sem þeir geta leitað til með ráðleggingar og aðstoð. Með aukinni samvinnu kennara eykst fagleg umræða þeirra á milli, vinnubrögð verða fjölbreyttari, mismunandi hæfileikar nýtast betur og þeir veita hverjir öðrum stuðning. Á undanförunum árum hefur teymiskennsla einnig aukist á efri stigum í Lindaskóla í ákveðnum námsgreinum.

Lindaskóli er grænfánaskóli og mun flagga honum í sjötta sinn skólaárið 2016-17. Skólinn leggur áherslu m.a. á umhverfismál og útinám. Skólaárið 2015-16 er í Lindaskóla verið að vinna þróunarverkefni varðandi útinám í samstarfi við Menntavísindasvið Háskóla Íslands og Útilífsmiðstöðina á Úlfjótssvatni. Markmið skólans með verkefninu eru meðal annarra að móta verkferla í tengslum við stefnu skólans í útinámi, þjálfa kennara í útikennslu og greina þau verkefni sem þeir telja sérstaklega heppileg fyrir þessa kennslu og að efla útinám við skólann. Útinám eykur fjölbreytni í skólastarfi og mætir án efa ólíkum þörfum nemenda. Lindaskóli fékk styrk úr Sprotasjóði Mennta- og menningamálaráðuneytisins fyrir þetta verkefni. Sprotasjóður er sameiginlegur sjóður fyrir leik-, grunn- og framhaldsskóla og styður við þróun og nýjungar í skólastarfi í samræmi við stefnu stjórnvalda og aðalnámskrá.

Í Lindaskóla er mikið tónlistarlíf. Nemendur í 1. – 6. bekk fá tónmenntakennslu tvisvar sinnum í viku hjá menntuðum tónmenntakennara sem stýrir jafnframt vikulegum samstundum hjá 1. - 4. bekk. Á samstundunum er sungið saman en auk þess koma nemendur fram með ýmis leik- og söngatriði annað slagið. Tveir kórar eru á yngri stigi undir stjórn kórstjóra og er það verkefni kallað *Syngjandi skóli*. Kórarinn koma fram við ýmis tækifæri. Á unglingastigi er boðið upp á hljómsveitarval.

Menningardagar skólans eru ár hvert í desember þar sem skólastarfið er brotið upp og menning og listir eru hafðar í öndvegi. Listamanni/listamönnum er einnig boðið að sýna verk sín í skólanum þessa daga. Rík og sterk hefð er komin á haust- og vorferðir þar

sem ákveðnir árgangar heimsækja ákveðna staði í nær- og fjærumhverfinu. Í þessum ferðum er verið að blanda saman námi, hreyfingu og útivist á skemmtilegan og fjölbreyttan hátt.

Nánari upplýsingar um skólastarfið má finna í starfsáætlunum skólans ár hvert sem eru á heimasíðu skólans; [www.lindaskoli.is](http://www.lindaskoli.is).

### **3. Mat á skólastarfi**

Mat á skólastarfi tengist umræðu um gæði í skólastarfi og er ein leið til umbóta í skólum.

Með grunnskólalögum frá 1995 var mat á skólastarfi lögfest. Í 35. gr. grunnskólalaga frá 2008 er fjallað almennt um mat og eftirlit með gæðum grunnskólastarfs og í 36. gr. er fjallað um innra mat skóla. Þar kemur fram að hver grunnskóli eigi að meta með kerfisbundnum hætti árangur og gæði skólastarfs með virkri þátttöku starfsmanna, nemenda og foreldra eftir því sem við á. Þar segir að grunnskólar eigi að birta opinberlega upplýsingar um innra mat sitt, tengsl þess við skólanámskrá og áætlanir um umbætur. Tryggja þarf að starfsemi skóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrá. Skólum er í sjálfsvald sett hvaða aðferðum þeir beita við sjálfsmatið.

Í grunnskólalögum er sagt; að sveitarfélög eigi að sinna mati og eftirliti með gæðum skólastarfs og láta ráðuneyti í té upplýsingar um framkvæmd skólahalds, innra mat skóla, ytra mat sveitarfélaga, framgang skólastefnu sinnar og áætlanir um umbætur.

Menntamálaráðuneytið gerir áætlanir til þriggja ára um kannanir og úttektir sem miða að því að veita upplýsingar um framkvæmd laga þessara og aðalnámskrár grunnskóla og aðra þætti skólastarfs.

### **3.1 Tilgangur og markmið matsins**

Menntamálaráðuneytið gaf út heftið *Sjálfsmat skóla* árið 1997. Þar kemur fram að tilgangurinn með sjálfsmati sé sá að miðla upplýsingum um skóla og stuðla að vexti og þróun innan þeirra. Í ritinu eru tilgreind þau atriði sem ráðuneytið telur mikilvæg sem viðmið fyrir úttekt á sjálfsmatsaðferðum.

Í sjálfsmati skal koma fram stefna og markmið skóla og skilgreining á leiðum til þess að ná þeim. Sjálfsmat á að draga fram sterkar og veikar hliðar skólastarfsins. Megintilgangur sjálfsmatsins er að gera starfsfólki skóla auðveldara að vinna að framgangi markmiða skólans, meta hvort þeim hafi verið náð, endurskoða þau og stuðla að umbótum. Þetta á jafnt við um markmið og áherslur í lögum, reglugerðum og aðalnámskrám og staðbundin markmið sem skólarnir setja fram í skólanámskrám. Um leið skapar sjálfsmat faglegan grundvöll fyrir umbætur. Með sjálfsmati fer fram víðtæk gagnaöflun um skólastarfið sem veitir upplýsingar um í hve miklum mæli árangur skólastarfsins er í samræmi við markmið.

Niðurstöðurnar sem koma fram við úrvinnslu gagna úr sjálfsmati skólans verða gerðar opinberar. Slíkt er forsenda aðhalds og að hægt sé að fylgja umbótum eftir. Þetta verður gert með kynningum í skólasamfélaginu og birtingu sjálfsmatsskýrslu sem verður aðgengileg á heimasíðu skólans. Engar upplýsingar á að vera hægt að rekja til tiltekinna einstaklinga. Á grundvelli niðurstaðna í þessum könnunum verður gripið til aðgerða sem greint verður frá í sérstakri umbótaáætlun.

Tilgangur sjálfsmatsins er því að gera skólasamfélaginu fært að skoða stöðu sína á markvissan og skipulagðan máta og komast þannig að því hvað er vel gert og hvað má gera betur. Sjálfsmat er því tæki til að gera góðan skóla betri og verður ekki unnið í eitt skipti fyrir öll heldur er það langtímamiðað. Til að fá sem mest út úr vinnu þeirri sem lögð er í sjálfsmatið er mikilvægt að vinna með góð og skilvirk matstæki (Menntamálaráðuneytið, 2007).

Íslenska matsfræðifélagið gaf út rit árið 2011 sem heitir *Leiðbeiningar um innra mat skóla*.

Þar segir að tilgangur skóla með innra mati sé tvenns konar. Annars vegar sé það að rekstaraðilar skóla, ríki og sveitarfélög, vilji gjarnan fylgjast með að fjárveitingum til

skóla sé vel varið og að skólar beri ábyrgð á að sýna fram á það. Hins vegar gegnir matið því hlutverki að styðja við innviði starfsins og aðstoða starfsfólk við að gera það betra, styrkja enn frekar þar sem vel tekst til og bæta úr annmörkum. Matið tryggir líka foreldrum að eftirfylgni sé með gæðum skólastarfsins, það verður gagnsærra. Foreldrar hafa betri möguleika á að fylgjast með skólastarfinu og þróun þess. Í ritinu er sagt frá skilgreiningu Hermann, Höfer og Weisker (2004) á innra mati sem þeir telja vera eftirfarandi:

- Kerfisbundin skólaþróun til að bæta námsárangur nemenda
- Kerfisbundin leið til að bæta skólastjórnunina
- Meiri sveigjanleiki og skilvirkni í faglegri þróun starfsfólks skóla, nýtingu bjarga, skipulagningu kennslu og náms og virkari þátttaka starfsfólks og nemenda í skólastarfinu
- Kerfisbundin uppbygging gæðapróunar, gæðaeftirlits og ábyrgðar skólans.

(Sigurlína Davíðsdóttir o.fl., 2011)

Nokkrar bækur hafa verið skrifaðar hér á landi um mat á skólastarfi og má þar nefna eftirfarandi: Grunnskólarýnir og Framhaldsskólarýnir (Benedikt Sigurðarson, 2001), Mat á skólastarfi: Hvað og hvernig? (Gerður G. Óskarsdóttir, 1999), Glerverk (Glerverk, 2003), Gæðagreinar 2 (Gæðagreinar 2, 2010), Mat á skólastarfi: Handbók fyrir skóla (Steinunn Helga Lárusdóttir, 2002) og Mat á skólastarfi: Handbók um matsfræði (Sigurlína Davíðsdóttir, 2008).

### **3.2 Matsteymi**

Sjálfsmatsteymi Lindaskóla er skipað fimm starfsmönnum skólans. Í teyminu situr aðstoðarskólastjóri, námsráðgjafi og kennari í upplýsingatækni auk fulltrúa kennara og/eða annars starfsfólks. Upplýsingar um fulltrúa í matsteymi er að finna á vefsíðu skólans. Teymið hittist reglulega og skiptir með sér verkum varðandi matið og kynningu niðurstaðna fyrir starfsfólki, nemendum og foreldrum. Einn starfsmaður er teymisstjóri, boðar til funda og stýrir vinnu hópsins. Hann er jafnframt ritstjóri umbótaáætlana. Aðstoðarskólastjóri sér um ritstjórn á sjálfsmatsáætlun til þriggja ára og er teymisstjóra til aðstoðar eftir þörfum. Hann ber ábyrgð á sjálfsmatsvinnu skólans. Kennari í upplýsingatækni heldur utan um fyrirlögn vefkannana Skólapúlsins og námsráðgjafi stýrir fyrirlögn sérstakra kannana um líðan og samskipti.



Matsteymið setur niður sjálfsmatsáætlun skólans til þriggja ára. Lög og reglugerðir segja hins vegar til um ýmsa þætti sem skólum ber að meta og leggur því grunninn að ýmsum matsþáttum sem teymið útfærir nánar.

Siðareglur eru mikilvægar fyrir meðlimi teymisins. Matið tekur til nemenda, foreldra svo og starfsmanna og því er mikilvægt að borin sé virðing fyrir öllum þessum aðilum og niðurstöðum matsins. Nauðsynlegt er að teymið hugi að þáttum eins og að:

- það noti kerfisbundnar aðferðir til að afla gagna í matinu
- það sé meðvitað um hugsanlega galla á þeim
- það vinni matið ævinlega samkvæmt bestu samvisku
- matið sé bæði heilsteypt og heiðarlegt þannig að tekið sé tillit til hagsmunaárekstra
- niðurstöður séu túlkaðar hógværliga
- borin sé virðing fyrir öllum þeim sem koma að matinu
- mismunandi aðstæður fólks séu virtar
- borin sé ábyrgð á almennri velferð, bæði þátttakendanna og almennings.


(Sigurlína Davíðsdóttir, 2013, bls. 151)

Siðareglur eru matsteyminu nauðsynlegar og þær þarf að rifja upp árlega.

Skólaráð Lindaskóla er umsagnaraðili sjálfmatsvinnu skólans og er kynnt reglulega öll sú vinna sem er í gangi. Skólaráð er jafnframt hvatt til að koma með ábendingar eða athugasemdir varðandi sjálfsmatsáætlanir sem og alla matsvinnu. Skólaráð er skipað skólastjóra, foreldrum, kennurum, öðrum starfsmönnum skólans, nemendum og fulltrúa grenndarsamfélagsins. Þannig er öllum í skólasamfélaginu tryggð þátttaka í öllu sjálfsmatsferlinu.

### **3.3 Aðferðir og framkvæmd matsins**

Mat á innra starfi skóla er stöðugt ferli sem lýkur aldrei. Matsferlið má setja upp sem hring sem er notað ár eftir ár. Matsteymi ákveður hvaða þættir skólastarfsins eru metnir og þegar búið er að meta þá er gerð umbótaáætlun varðandi þá þætti sem komu ekki nægilega vel út. Í framhaldinu eru umbæturnar metnar og fleiri spurningum svarað sem vakna á matsferlinu. Þá kemur matsteymið saman aftur og sama ferli fer aftur af stað.



(Sigurlína Davíðsdóttir o.fl., 2011)

Matsteymi Lindaskóla leggur mikla áherslu á að umbótaáætlun sé gerð í samstarfi við starfsmenn skólans. Sú vinna fer þannig fram að þegar niðurstöður hafa fengist úr könnunum skólaársins er boðaður vinnufundur með öllum starfsmönnum þar sem unnið er í minni hópum og settar fram hugmyndir um hvernig vinna skal að umbótum. Það er mjög mikilvægt því starfsmenn eru lykilmenn í þeirri vinnu.

#### 4. Matstæki Lindaskóla

Lindaskóli styðst við ýmis matstæki til að meta innra starf skólans. Fyrst má nefna *Skólapúlsinn* sem er veflægt sjálfsmatskerfi fyrir leik-, grunn- og framhaldsskóla þar sem nemendur, foreldrar og starfsmenn svara spurningalista á netinu um flest alla þætti skólastarfsins. Til að meta frammistöðu og framfarir nemenda í námi er stuðst við fjölbreytt námsmat sem fer fram allt skólaárið, svokallað símat. Auk þess eru sérstakir námsmatsdagar á skólaárinu í febrúar og maí. Ýmsar skimanir eru lagðar reglulega fyrir nemendur s.s. í lestri og stafsetningu og sérstakar kannanir eru lagðar fyrir nemendur um líðan og samskipti. Auk þessa eru ýmsir utanaðkomandi aðilar sem meta skólastarf, s.s. Námsmatsstofnun með samræmdum könnunarprófum, OECD

sem leggur fyrir Pisa könnunina og Rannsóknarmiðstöðin Rannsókn og greining sem sérhæfir sig í rannsóknum á högum og líðan ungs fólks bæði á Íslandi og erlendis.

#### **4.1 Matstækið Skólapúlsinn**

Skólapúlsinn er veflægt sjálfsmatskerfi fyrir leik-, grunn- og framhaldsskóla. Nemendur, foreldrar og starfsfólk svara spurningalista á netinu og eru niðurstöðurnar birtar í formi línu-, súlu- og punktarita ásamt marktektarprófum og svörum við opnum spurningum. Markmið Skólapúlsins er að útvega skólastjórnendum og skólaskrifstofum áreiðanleg, langtímamiðuð, samanburðarhæf og aðgengileg gögn um mikilvæga þætti í skólastarfinu. Þar sem að spurningalistinn er lagður fyrir mánaðarlega fyrir lítið úrtak er hægt að skoða þróun einstakra þátta yfir langan tíma. Sjálfsmatið er því langtímamiðuð eins og kveðið er á um í aðalnámskrá grunnskóla. Þátttaka margra skóla víðsvegar að af landinu gefur möguleika á að birta í hverjum skóla feril landsmeðaltals. Með þessu verða gögn hvers skóla samanburðarhæf en það er grunnur þess að hægt sé að taka upplýstar ákvarðanir um viðbrögð í einstökum tilvikum (skolapulsinn.is).

Markmið Skólapúlsins er að efla rannsóknir og þekkingu á þáttum í fari nemenda og einkennum skólastarfsins. Yfir tíma safnast mikið magn dýrmætra upplýsinga sem rannsakendur á sviði menntamála geta nýtt. Slíkar niðurstöður draga fram sérkenni skólans og geta upplýst á hvaða sviðum skólinn þarf að beita sér til að bæta skólastarfið og auka bæði árangur og vellíðan nemenda sinna. Mikil hagræðing er í notkun kerfisins þar sem framkvæmd er sjálfvirk og úrlausn niðurstaðna og birting þeirra er einnig sjálfvirk. Nemendur, starfsfólk og foreldrar koma viðhorfum sínum nafnlaust á framfæri (skolapulsinn.is).

##### **4.1.1 Nemendakönnun**

Nemendakönnun er lögð fyrir nokkur 40 nemenda úrtök í október, nóvember, desember, febrúar, mars og apríl. Ýmsir þættir eru mældir s.s. ánægja og áhugi nemenda á ýmsum námsgreinum, trú á eigin getu, þætti er snúa að líðan og einelti og margt fleira. Sjá nánar fylgiskjal 2.

Valið á spurningunum sem í þeim eru byggir að mestu á rannsóknum á íslensku PISA gögnunum og kvörðum frá Menntamálastofnun og HBSC (Health Behaviour in

School-Aged Children) rannsókninni sem er samstarfsverkefni Háskólans á Akureyri og Lýðheilsustöðvar. Valið er endurskoðað árlega að vori á samráðsfundi með notendum kerfisins.

#### **4.1.2 Starfsmannakönnun**

Starfsmannakönnun fer fram í mars annað hvert ár og mælir 50 þætti í átta flokkum. Spurt er um viðhorf starfsfólks til skólans og skólastarfsins og fá kennarar að auki spurningar sem snúa að kennarastarfinu. Að auki fær skólastjóri spurningar sem snúa að samsetningu starfsmannahópsins og starfsaðstöðu. Sjá nánar fylgiskjal 2. Starfsmannakönnunin fer fram á netinu og er send á tölvupóstföng allra starfsmanna skv. starfsmannalista. Niðurstöður skólans eru ekki birtar fyrr en lágmarkssvarhlutfalli er náð.

#### **4.1.3 Foreldrakönnun**

Foreldrakönnunin í Lindaskóla er framkvæmd í febrúar annað hvert ár og mælir 51 þátt í fimm flokkum með samtals 76 spurningum. Könnunin er gerð fyrir foreldra barna á öllum aldurstigum grunnskólans. Búið er til 120 foreldra líkindaúrtak og í þeim tilfellum þar sem tvö netföng eru skráð á foreldra er spurningalistanum skipt í tvennt og helmingur listans sendur á sitt hvort netfangið. Öðru hvoru foreldrinu eða báðum í sameiningu er þó frjálst að svara báðum hlutum. Sjá nánar fylgiskjal 2.

Nánari útskýringar á aðferðafræði könnunarinnar er að finna á vef Skólapúlsins. Niðurstöður eru birtar með samanburði við landsmeðaltal svo lengi sem 80% svarhlutfalli hefur verið náð.

### **4.2 Tengslakannanir og mat á líðan nemenda**

Samkvæmt eineltisáætlun skólans „Saman í sátt“ er líðan nemenda og félagstengsl skoðuð á hverju ári. Fyrir áramót taka nemendur í 5. - 10. bekk rafræna spurningakönnun en 1. - 4. bekkur minni spurningakönnun um líðan og/eða tengslakönnun. Eftir áramót er tengslakönnun lögð fyrir í 1. – 10. bekk til að kanna félagatengsl í bekkjunum (Fylgiskjal 3). Umsjónarkennarar leggja tengslakönnunina fyrir og náms- og starfsráðgjafi vinnur úr niðurstöðunum. Með því að leggja tengslakönnun fyrir má fá mynd af félagslegum tengslum í hópi. Tengslakannanir eru lagðar fyrir til að fá innsýn í hvernig einstaklingar í hópi tengjast, hverjir eru líklegir til

að geta unnið vel saman, eða verið saman við tilteknar aðstæður. Einnig gefur tengslakönnun innsýn inn í félagslega stöðu einstaklinganna, vinsældir, höfnun, trygg sambönd o.fl. Tengslakannanir eru frábært tæki fyrir umsjónarkennara til að kanna félagslega stöðu og í framhaldinu að fara í markvissa vinnu við að efla félagatengsl og samkennd í hópi.

### **4.3 Námsmat Lindaskóla**

Að hausti er námsmatið í Lindaskóla í formi frammistöðumats þar sem kennarar meta nemendur og nemendur meta sjálfan sig bæði námslega sem og líðan.

Foreldraviðtölin að hausti snúast því að miklu leyti um líðan nemenda í skólanum og áherslur sem vert er að skoða á skólaárinu sem framundan er. Í febrúar eru aftur foreldraviðtöl og þá fá nemendur vitnisburð um frammistöðu sína í skólanum, en fljótlega eftir jólin fara nemendur í kannanir. Í 8. – 10. bekk ræður símat ríkjum og nemendur fá einkunn eins og staðan á símatinu stendur á þeim tímapunkti sem viðtölin fara fram en þá eru nemendur oft ekki búnir með nema um 60 % námsins. Að vori fá allir nemendur skólans afhend vitnisburðarblöð.

Í 1. – 4. bekk eru gefnar umsagnir, í 5. - 10. bekk eru gefnar einkunnir. Vorið 2016 verður þó sú breyting á að nemendur í 10. bekk munu útskrifast með hæfnieinkunn A, B, B+, C+, C og D skv. nýrri aðalnámskrá. Framtíðarstefna Lindaskóla varðandi námsmat fyrir skólaárið 2016 – 2017 er að 1. - 4. bekkur fái vitnisburð í formi umsagna, 5. – 7. bekkur fái sinn vitnisburð í tölum og 8. – 10. bekkur fái sinn vitnisburð í bókstöfum skv. nýrri aðalnámskrá grunnskóla. Stefnt er þó að því að miðstigið, 5. - 7. bekkur, fái sinn vitnisburð í formi bókstafa en enn á eftir að vinna að þeim hæfniviðmiðum hjá Mennta- og menningarmálaráðuneytinu.

#### **4.3.1 Skimanir**

Stjórnendur Lindaskóla halda utan um stoðþjónustu skólans ásamt fagstjóra sérkennslu. Aðstoðarskólastjóri sem jafnframt er deildarstjóri yngra stigs ber ábyrgð á stoðþjónustu 1. - 6. bekkja og deildarstjóri unglingastigs ber ábyrgð á stoðþjónustu 7. – 10. bekkja. Hér fyrir neðan er listi yfir skimunarpróf sem lögð eru fyrir nemendur á ákveðnum aldursstigum. Þau eru lögð fyrir til að fylgjast með stöðu einstakra nemenda, sjá hvort námsframvinda þeirra sé með eðlilegum hætti eða hvort einhverjir námserfiðleikar séu fyrir hendi. Fagstjóri sérkennslu ber ábyrgð á fyrirlögn prófanna.

Bekkur	Próf	Tími	Hver leggur fyrir
<b>1. bekkur</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>▪ Tove Krogh</li> <li>▪ Stafa-/hljóðakannanir</li> <li>▪ Hljóðvitundarkönnun</li> <li>▪ Hraðapróf</li> <li>▪ Lesskilningspróf</li> </ul>	september desember janúar janúar og maí febrúar	<ul style="list-style-type: none"> <li>▪ Sérkennarar og umsj.k.</li> <li>▪ Sérkennarar og umsj.k.</li> <li>▪ Sérkennarar og umsj.k.</li> <li>▪ Sérkennarar</li> <li>▪ Umsjónarkennarar</li> </ul>
<b>2. bekkur</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>▪ Aston Index, stafsetning</li> <li>▪ Lesskilningspróf</li> <li>▪ Hraðapróf í lestri</li> <li>▪ Stafa/hljóðak. (sem þurfa)</li> <li>▪ Hljóðvitundarkönnun</li> </ul>	september janúar og maí okt, jan. og maí okt, jan. og maí október	<ul style="list-style-type: none"> <li>▪ Sérkennarar og umsj.k.</li> <li>▪ Umsjónarkennarar</li> <li>▪ Sérkennarar</li> <li>▪ Sérkennarar</li> <li>▪ Sérkennarar og umsj.k.</li> </ul>
<b>3. bekkur</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>▪ Aston Index, stafsetning</li> <li>▪ LOGOS skönnun</li> <li>▪ Lesskilningspr. Orðarún</li> <li>▪ Hraðapróf í lestri</li> </ul>	september september nóv. og maí okt, jan. og nóv.	<ul style="list-style-type: none"> <li>▪ Umsjónarkennarar</li> <li>▪ Sérkennari</li> <li>▪ Umsjónarkennarar</li> <li>▪ Sérkennarar</li> </ul>
<b>4. bekkur</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>▪ Aston Index, stafsetning</li> <li>▪ Samræmd próf í íslensku og stærðfræði</li> <li>▪ Lesskilningspr. Orðarún</li> <li>▪ Hraðapróf í lestri</li> </ul>	september september nóv. og maí okt., jan. og maí	<ul style="list-style-type: none"> <li>▪ Umsjónarkennarar</li> <li>▪ Aðstoðarskólastjóri, umsjónark. og sérkennarar</li> <li>▪ Umsjónarkennarar</li> <li>▪ Sérkennarar</li> </ul>
<b>5. bekkur</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>▪ Aston Index, stafsetning</li> <li>▪ Lesskilningspr. Orðarún</li> <li>▪ Hraðarpóf í lestri</li> <li>▪ Framsagnarpróf&gt;200atkv.</li> </ul>	september nóv. og maí okt., jan. og maí maí	<ul style="list-style-type: none"> <li>▪ Umsjónarkennarar</li> <li>▪ Umsjónarkennarar.</li> <li>▪ Sérkennarar</li> <li>▪ Sérkennarar</li> </ul>

<b>6. bekkur</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>▪ Aston Index, stafsetning</li> <li>▪ Lesskilningspr. Orðarún</li> <li>▪ Hraðarpóf í lestri</li> <li>▪ Framsagnarpróf&gt;200atkv.</li> </ul>	september nóv. og maí okt., jan. og maí maí	<ul style="list-style-type: none"> <li>▪ Umsjónarkennarar</li> <li>▪ Umsjónarkennarar</li> <li>▪ Sérkennarar</li> <li>▪ Sérkennarar</li> </ul>
<b>7. bekkur</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>▪ Aston Index, stafsetning</li> <li>▪ Samræmd próf í íslensku og stærðfræði</li> <li>▪ Lesskilningspr. Orðarún</li> <li>▪ Hraðarpóf í lestri</li> <li>▪ Framsagnarpróf&gt;200atkv.</li> </ul>	september september  nóv. og mars okt., jan. og maí maí	<ul style="list-style-type: none"> <li>▪ Umsjónarkennarar</li> <li>▪ Deildarstj. unglíngastígs, sérkennarar og umsjónark.</li> <li>▪ Umsjónarkennarar</li> <li>▪ Sérkennarar</li> <li>▪ Sérkennarar</li> </ul>
<b>8. bekkur</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>▪ Lesskilningspr. Orðarún</li> <li>▪ Lesskilningspróf, hluti af vorprófi</li> </ul>	nóv. og mars maí	<ul style="list-style-type: none"> <li>▪ Umsjónarkennarar</li> <li>▪ Umsjónarkennarar</li> </ul>
<b>9. bekkur</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>▪ Samræmd könnunarpróf</li> <li>▪ Lesskilningspróf, hluti af vorprófi</li> </ul>	maí  maí	<ul style="list-style-type: none"> <li>▪ Deildarstj. unglíngastígs, sérkennarar og umsjónark.</li> <li>▪ Umsjónarkennarar</li> </ul>
<b>10. bekkur</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>▪ Samræmd könnunarpróf</li> <li>▪ Lesskilningspróf, hluti af vorprófi</li> </ul>	maí  maí	<ul style="list-style-type: none"> <li>▪ Deildarstj. unglíngastígs, sérkennarar og umsjónark.</li> <li>▪ Umsjónarkennarar</li> </ul>

Þegar skimunarpróf hafa verið lögð fyrir er mikilvægt að þeir sem eru ábyrgir fyrir einstökum prófum fari yfir niðurstöður þeirra. Viðmið eru með hverju skimunarprófi og skoða þarf sérstaklega þá nemendur sem víkja frá viðmiðunum til að koma til móts við þeirra sérparfir. Verkefnisstjóri sérkennslu ásamt öðrum sérkennurum bera ábyrgð á þessari vinnu.

Sérkennarar, stjórnendur og fagkennarar meta niðurstöður samræmdra prófa til að sjá stöðu einstakra nemenda og stöðu skólans samanborið við landsmeðaltal. Skoða þarf hvaða þættir eru að ganga vel og hvað má betur fara og gera þá áætlanir um úrbætur. Úrbætur geta snúið að einstökum nemendum sem sýna lítinn árangur og litlar framfarir eða snúið að ákveðnum námsþáttum, námsefni eða kennsluháttum.

### **4.3 Utanaðkomandi mat**

Auk skipulagðra kannana á vegum Lindaskóla eru ýmsar aðrar kannanir sem koma inn á borð skólans. Menntamálastofnun leggur fyrir samræmd könnunarpróf í 4., 7. og 10. bekk en einnig leggur hún fyrir PISA og TALIS kannanirnar sem eru á vegum OECD (Efnahags- og framfarastofnunarinnar). PISA (Programme for International Student Assessment) er umfangsmikil alþjóðleg rannsókn á hæfni og getu 15 ára nemenda í lestri, náttúrufræði, stærðfræði og þrautalausn. TALIS (Teaching And Learning International Survey) er alþjóðleg rannsókn á viðhorfum, vinnuumhverfi og aðstæðum kennara og skólastjórnenda á unglíngastigi. Á Íslandi var ákveðið að hún myndi einnig fjalla um kennara á grunn- og miðstigi.

Rannsóknarmiðstöðin Rannsókn og greining leggur árlega fyrir kannanir á vorin. Um er að ræða tvenns konar kannanir:

1. Hagir og líðan nemenda í 5. – 7. bekk.
2. Vímuefnaneysla ungs fólks.

Niðurstöður allra kannana og greining á þeim eru settar á heimasíðu skólans og í sjálfsmatsskýrslu að vori.

## **5. Sjálfsmatsáætlun Lindaskóla 2015-2018**

Sjálfsmatsáætlun Lindaskóla er til þriggja ára, 2015-2018. Grunninn að áætluninni má sjá hér fyrir neðan. Þessi tafla sýnir hvaða þættir eru metnir, hvenær á matstímanum, hverjir taka þátt í matinu í hvert skipti og hverjir bera ábyrgð á framkvæmdinni. Áætlunin er endurskoðuð reglulega og verður breytt ef ástæða þykir til. Í grunninum koma fram þættir sem eru metnir árlega auk þátta sem eru metnir annað hvert ár.



## Sjálfsmatsáætlun Lindaskóla 2015-2018

Mánuður	Verkefni	Ábyrgð	Skólaárið 2015- 2016	Skólaárið 2016- 2017	Skólaárið 2017- 2018
<b>september</b>	Fundur um sjálfsmatsáætlun 2014-2017, fulltrúar í sjálfsmatsteymi ásamt skólaráði	Skólastjóri/aðstoðarskólastjóri	<input type="checkbox"/>		
	Útgáfa og lokayfirferð skólanámskrár og starfsáætlunar	Skólastjórnendur	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
	Mat á námskeiði fyrir foreldra nemenda í 1. bekk annað hvert ár	Deildarstjóri stigs/aðstoðarskólastjóri		<input type="checkbox"/>	
	Mat á námskeiði fyrir foreldra nemenda í 8. bekk annað hvert ár	Deildarstjóri stigs		<input type="checkbox"/>	
	Mat foreldra á haustfundum annað hvert ár	Sjálfsmatsteymi		<input type="checkbox"/>	
	Mat á skólanámskrá	Skólaráð	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
	Mat á skólanámskrá	Kennarar/skólastjórnendur	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
<b>október</b>	Kynning á sjálfsmatsáætlun 2015 - 2018 fyrir starfsmenn og sett á heimasíðu fyrir foreldra	Sjálfsmatsteymi	<input type="checkbox"/>		
	Samantekt sjálfsmatsteymis um innra mat fyrra árs, skýrsla með umbótaáætlun kynnt fyrir starfsmönnum og sett á heimasíðu skólans	Sjálfsmatsteymi	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
	Frammistöðumat í 1. - 10. bekk	Umsjónarkennarar	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
	Skólapúlsinn fyrir nemendur í 6. - 10. bekk	Fagstjóri í UT	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
	Mat á líðan og stríðni/einelti nemenda í 1. - 10. bekk	Námsráðgjafi	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>

<b>nóvember</b>	Samræmd próf í 4. bekk, 7. bekk og 10. bekk – greining niðurstaðna. Deildarstjóri, sérkennarar, umsjónarkennarar og faggreinakennarar funda	Stjórnendur/umsjónarkennarar	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
	Skólapúlsinn fyrir nemendur í 6. - 10. bekk	Fagstjóri í UT	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
	Samantekt sjálfsmatsteymis um innra mat fyrra árs, skýrsla og kynning fyrir foreldra - heimasíða	Sjálfsmatsteymi	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
	Fundir með fulltrúum nemenda í 7. – 8. bekk – Saman í sátt (hvað þeir eru ánægðir með, hvað má betur fara, hvað getum við gert til að öllum líði vel)	Námsráðgjafi/umsjónarkennarar	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
<b>desember</b>	Skólapúlsinn fyrir nemendur í 6. - 10. bekk	Fagstjóri í UT	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
<b>janúar</b>	Mat á framboði valgreina. Samráð við nemendur í 9. og 10. bekk og kennara um valgreinar	Deildarstjóri/umsjónarkennarar/ list- og verkgreinakennarar	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
	Skólapúlsinn fyrir nemendur í 6. - 10. bekk	Fagstjóri í UT	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
<b>febrúar</b>	Námsmat	Kennarar	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
	Starfsmannasamtöl/vinnumat (febrúar - apríl)	Skólastjórnendur	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
	Fundir með fulltrúum nemenda í 1. – 6. bekk – Saman í sátt (hvað þeir eru ánægðir með, hvað má betur fara, hvað getum við gert til að öllum líði vel)	Námsráðgjafi/umsjónarkennarar	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
	Skólapúlsinn – foreldrakönnun	Fagstjóri í UT		<input type="checkbox"/>	
	Skólapúlsinn fyrir nemendur í 6. – 10. bekk	Fagstjóri í UT	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
<b>mars</b>	Skólapúlsinn fyrir nemendur í 6. – 10. bekk	Fagstjóri í UT	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
	Skólapúlsinn – starfsmannakönnun	Fagstjóri í UT	<input type="checkbox"/>		<input type="checkbox"/>
	Tengslakannanir í 1. - 10. bekk	Námsráðgjafi	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
<b>apríl</b>	Skólapúlsinn fyrir nemendur í 6. – 10. bekk	Fagstjóri í UT	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>

<b>maí</b>	Vinnufundur með starfsmönnum. Kynning á niðurstöðum skólaársins og unnið að umbótaáætlun í hópum	Sjálfsmatsteymi	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
	Fulltrúar sjálfsmatsteymis með skólaráði. Kynning á niðurstöðum skólaársins	Skólastjóri/aðstoðarskólastjóri	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
<b>júní</b>	Yfirferð lögbundinna áætlana	Skólastjórnendur	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
	Samantekt sjálfsmatsteymis um innra mat, skýrsla	Sjálfsmatsteymi/stjórnendur	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>

## **5.1 Viðmið Lindaskóla**

Í riti Íslenska matsfræðifélagsins; *Leiðbeiningar um innra mat skóla*, segir að mat standi því aðeins undir nafni að með því takist að ákvarða um gildi eða gæði þess sem meta skal.

*Viðmið er sá árangur sem stefnt er að og einhugur er um innan skólans að telst góður. Ef sett eru viðmið í upphafi, verður mun auðveldara að túlka niðurstöðurnar..*

(Sigurlína Davíðsdóttir o.fl., 2011)

Matsteymi Lindaskóla ásamt skólasamfélaginu setti sér eftirfarandi viðmið varðandi matsspurningar Skólapúlsins:

Þegar niðurstöður skólans eru yfir landsmeðaltali eru þær ásættanlegar. Hins vegar í mikilvægum þáttum sem tengjast velferð nemenda og starfsfólks eins og einelti eða áreitni eru viðmiðin sett hærri og skoðuð sérstaklega í hverju tilfelli fyrir sig. Þar sem niðurstöður skólans eru undir landsmeðaltali þarf skólinn að bregðast við og eru þeir þættir settir inn í umbótaáætlun. Með þessum fyrirfram skilgreindum viðmiðum finnum við hvar styrkleikar og veikleikar í hinum ýmsu þáttum skólastarfsins liggja.

Þó svo að það geti verið gott að miða niðurstöður við aðra skóla er það ekki algilt því ytri þættir þeirra eru mjög mismunandi. Má þar nefna uppbyggingu hverfa, menntunarstig foreldra, samsetningu nemendahópa og reynslu starfsfólks. Því er mikilvægt að skoða hverja spurningu fyrir sig.

## 6. Lokaorð

Sjálfsmatsáætlun þessi er til þriggja ára, 2015-2018. Með henni er lagður grunnur að umbótastarfi Lindaskóla með hagsmuni nemenda að leiðarljósi. Sjálfsmatsteymi skólans lagði áherslu á að hafa áætlunina ekki of umfangsmikla heldur einfalda og vel framkvæmanlega. Stærsti þáttur í sjálfsmati skólans fer fram í gegnum Skólapúlsinn en einnig eru ýmsar kannanir lagðar fyrir á þáttum sem skólasamfélagið telur mikilvægt að meta. Þar má nefna kannanir um líðan nemenda og starfsfólks en meginforsenda fyrir því að fram fari gott og metnaðarfullt skólastarf er að öllum líði vel.

Eins og áður hefur verið sagt er tilgangur sjálfsmats skóla að gera skólasamfélaginu fært að skoða stöðu sína á markvissan og skipulagðan máta og komast að því hvað er vel gert og hvað má gera betur. Hverjir eru styrkleikar og veikleikar skólastarfsins. Með umbótaáætlun er rýnt í það sem betur má fara í skólastarfinu en það er ekki síður mikilvægt að hlúa að því sem vel er gert og halda því á lofti.

Skólastarf er í eðli sínu síbreytilegt og í stöðugri þróun. Breytingar eiga sér stað með nýjungum í kennsluháttum, með ýmsum breytingum í samfélaginu, með mismunandi áherslum og stefnu stjórnvalda og þróun í kennslugögnum og tækni. Mat á skólastarfi þarf að fylgja skólapróun og því þarf áætlun þessi vera í sífelldri endurskoðun. Sjálfsmatsteymi skólans mun því uppfæra sjálfsmatsáætlunina ef ástæða þykir til.

## Heimildaskrá

- Björk Ólafsdóttir. (e.d.) *Innra mat grunnskóla. Leiðbeiningar og viðmið fyrir sveitarfélög í tengslum við innra mat grunnskóla*. Sótt af:  
<http://www.samband.is/media/mat-og-rannsoknir-a-skolastarfi/Leidbeiningar-fyrir-eftirlit-med-innra-mati-grunnskola.pdf>
- Menntamálaráðuneytið. (1997). *Sjálfsmat skóla*. Sótt af:  
[https://www.menntamalaraduneyti.is/media/MRN-pdf\\_Upplýsingar-Utgefid/sjalfsmat\\_skola.pdf](https://www.menntamalaraduneyti.is/media/MRN-pdf_Upplýsingar-Utgefid/sjalfsmat_skola.pdf)
- Sigurlína Davíðsdóttir o.fl. (2011). *Leiðbeiningar um innra mat skóla*. Íslenska matfræðifélagið.

## Viðaukar

## **Fylgiskjal 1 – Yfirlit yfir matsþætti Skólapúlsins**

### **Nemendakönnun**

Eftirfarandi þættir eru mældir:

1. Ánægja af lestri
2. Áhugi og ánægja af stærðfræði
3. Áhugi og ánægja af náttúrufræði
4. Trú á eigin námsgetu
5. Trú á eigin vinnubrögð í námi
6. Þrautseigja í námi
7. Sjálfsálit
8. Stjórn á eigin lífi
9. Vellíðan
10. Tíðni eineltis
11. Tegund eineltis
12. Staðir eineltis
13. Hreyfing
14. Mataræði
15. Samsömun við nemendahópinn
16. Samband nemenda við kennara
17. Agi í tímum
18. Virk þátttaka í tímum
19. Mikilvægi heimavinnu í náminu
20. Tvær opnar spurningar um skólann

### **Starfsmannakönnun**

Eftirfarandi þættir eru skoðaðir:

#### **Allir starfsmenn – Almennt**

Fjarvera heila daga undanfarinn mánuð

Fjarvera hluta úr degi undanfarinn mánuð

Starfsmannaviðtöl undanfarið ár

Gagnsemi starfsmannviðtals

Tíðni áreitni meðal starfsfólks

Tíðni eineltis meðal starfsfólks



### **Allir starfsmenn – Viðhorf til skólans**

Starfsánægja í skólanum

Starfsandi innan skólans

Stjórnun skólans

Upplýsingastreymi innan skólans

Starfsaðstaða í skólanum

**Að auki eru starfsmenn sem stunda kennslu beðnir að gefa upplýsingar um átta þætti til viðbótar, þættirnir eru:**

### **Kennarar – Almennar upplýsingar um kennara**

Meðalfjöldi vikulegra kennslustunda á kennara

Meðalfjöldi vikulegra stunda við sérkennslu og stuðning á hvern kennara

Meðalstarfsaldur kennara við skólann

Meðalstarfsaldur kennara

Hlutfall kennara með meistaragráðu

### **Kennarar – Kennarastarfið**

Ánægja með kennarastarfið

Trú kennara skólans á eigin getu

Upplýsingamiðlun til foreldra

Tími í heimavinnu á viku

Tími við kennslu

Undirbúningur kennslu í skólanum

Öllum bekknum kennt í einu

Hópavinna í bekk

Einstaklingsvinna í bekk

Einstaklingsmiðuð kennsla

Áhersla kennara á námsmat með prófum

Áhersla kennara á námsmat með öðru en prófum

### **Kennarar – Starfsumhverfi kennara**

Stuðningur við kennara vegna nemenda með námserfiðleika

Stuðningur við kennara vegna hegðunarörðugleika nemenda

Faglegur stuðningur skólastjóra við kennara

Samráð um kennslu

Samvinna um kennslu

Valddreifing við ákvarðanatöku  
Virki samvinna um skólaþróun og umbætur  
Vinnuaðstæður kennara

### **Kennarar – Mat og endurgjöf**

Umfang mats og endurgjafar  
Hæfilegt mat og endurgjöf frá stjórnendum að mati kennara  
Sanngirni mats og endurgjafar  
Gagnsemi mats og endurgjafar  
Nýting á niðurstöðum kennaramats

### **Kennarar – Símenntun kennara**

Meðalfjöldi daga í símenntun undanfarið ár  
Símenntunarþörf kennara  
Form símenntunar sem óskað er eftir  
Hlutfall kennara sem hefðu viljað meiri símenntun undanfarna 18 mánuði  
Hindranir í símenntun kennara

### **Allir starfsmenn – Opin svör**

Vinsamlega lýstu því hvað þér finnst sérstaklega gott við skólann.  
Vinsamlega lýstu því hvað þér finnst sérstaklega slæmt við skólann.

## **Foreldrakönnun**

Eftirfarandi spurningar eru lagðar fyrir:

### **Nám og kennsla**

Ánægja foreldra með nám og kennslu í skólanum  
Nám í takt við grunnstoðir aðalnámskrár að mati foreldra  
Ánægja foreldra með stjórnun skólans  
Hæfileg þyngd námsefnis í skólanum að mati foreldra  
Hæfilegur agi í skólanum að mati foreldra  
Hæfileg áhersla á hefðbundið námsmat

Hæfileg áhersla á annað námsmat en hefðbundið

Athugasemdir foreldra um einstakar námsgreinar

### **Velferð nemenda**

Ánægja foreldra með samskipti starfsfólks við nemendur

Ánægja foreldra með hve vel skólinn mætir þörfum nemenda

Líðan nemenda í skólanum að mati foreldra almennt

Líðan nemenda í kennslustundum að mati foreldra almennt

Líðan nemenda í frímínútum að mati foreldra almennt

Umfang eineltis í skólanum að mati foreldra

Ánægja foreldra með úrvinnslu skólans á eineltismálum

Ánægja foreldra með hraða á úrvinnslu skólans í eineltismálum

Ánægja foreldra með eineltisáætlun skólans

Meðaltímabil eineltis

Staðir innan skólans sem einelti á sér stað

### **Aðstaða og þjónusta**

Ánægja foreldra með aðstöðu í skólanum

Ánægja foreldra með tómstundaþjónustu/frístundaheimili

Hlutfall nemenda í tómstundaþjónustu/frístundaheimili

Ástæður fyrir því að nemendur nýta ekki tómstundaþjónustu

Ánægja foreldra með sérkennslu/stuðning í skólanum

Hlutfall nemenda með sérkennslu/stuðning í skólanum

Tíðni sérkennslu/stuðnings

Hlutfall nemenda í sérkennslu sem hafa einstaklingsáætlun

Hlutfall foreldra í samstarfi um einstaklingsáætlun

Ánægja foreldra með sálfræðiþjónustu

Hlutfall foreldra sem hafa óskað eftir sálfræðiþjónustu á skólaárinu

Ánægja foreldra með máltíðir í mötuneyti

Notkun á mötuneyti

Ástæður þess að nemendur nýta ekki mötuneyti

### **Foreldrasamstarf**

Frumkvæði kennara að foreldrasamstarfi

Foreldrar upplýstir um stefnu skólans og námskrá

Áhrif foreldra á ákvarðanir varðandi nemendur

Þættir í skólaskrifinu sem foreldrar hafa áhrif á  
Þættir í skólaskrifinu sem foreldrar vilja hafa meiri áhrif á  
Ánægja með síðasta foreldraviðtali  
Málefni sem rædd voru í síðasta foreldraviðtali  
Þátttaka foreldra í gerð námsáætlunar með nemandanum  
Mikilvægi þess að gera námsáætlun með nemandanum að mati foreldra  
Ánægja foreldra með heimasíðu skólans

### **Heimastuðningur**

Virkni foreldra í námi barna sinna  
Trú foreldra á eigin getu til að hjálpa barni sínu með námið  
Vilji nemenda til að leita eftir þátttöku foreldra í náminu  
Hæfileg heimavinna að mati foreldra  
Tími sem foreldrar aðstoða við heimanám  
Væntingar foreldra um menntunarstig barns síns

### **Opin svör**

Lýstu því hvað þér þykir gott við skólann þinn  
Lýstu því hvað þér þykir slæmt í skólanum þínum

## Fylgiskjal 2 – Frammistöðumat - sjálfsmat nemenda og mat kennara

### Frammistöðumat

Umsögn kennara

og nemenda

Samvinna:

A = samvinna við aðra mjög góð / B = samvinna við aðra góð / C = samvinna við aðra mætti vera betri / D = þarf að taka sig á.

Vinnuframlag:

A = nemandinn er ávallt duglegur / B = nemandinn er oftast duglegur / C = nemandinn er stundum duglegur / D = þarf að taka sig á.

Hegðun:

A = hegðun mjög góð / B = hegðun góð / C = hegðun þokkaleg / D = þarf að taka sig á.

		Samvinna	Vinnuframlag	Hegðun
Íslenska	Nemandi	<b>B</b>	<b>A</b>	<b>B</b>
	Kennari	<b>B</b>	<b>C</b>	<b>C</b>
Stærðfræði	Nemandi	<b>B</b>	<b>A</b>	<b>B</b>
	Kennari	<b>B</b>	<b>C</b>	<b>C</b>
Samfélagsfræði	Nemandi	<b>B</b>	<b>B</b>	<b>B</b>
	Kennari	<b>B</b>	<b>B</b>	<b>C</b>
Tónmennt	Nemandi	<b>B</b>	<b>B</b>	<b>B</b>
	Kennari		<b>B</b>	<b>B</b>
Textil	Nemandi			
	Kennari			
Íþróttir	Nemandi	<b>A</b>	<b>B</b>	<b>A</b>
	Kennari	<b>C</b>	<b>C</b>	<b>C</b>
Sund	Nemandi	<b>A</b>	<b>B</b>	<b>A</b>
	Kennari	<b>C</b>	<b>C</b>	<b>C</b>
Heimilisfræði	Nemandi			
	Kennari	<b>A</b>	<b>A</b>	<b>B</b>
Hönnun/smiði	Nemandi			
	Kennari			

Liðan			
Mér líður vel í kennslustundum	Nemandi	✓	stundum er einhver að trufla mig
Mér líður vel í frímínútum / útivist	Nemandi	✓	
Mér líður vel í rútu / búning sklefa	Nemandi	○	
Mér líður vel í dægradvöl	Nemandi	✓	
Skipulag			
Mér gengur vel að hlusta þegar kennarinn útskýrir fyrir bekknum	Nemandi	✓	
Ég geng frá eftir mig í matsal	Nemandi	✓	
Ég geng vel um skólann minn	Nemandi	✓	
Hegðun			
Ég er kurteis við alla starfsmenn skólans	Nemandi	✓	
Ég tek þátt í að skapa góðan vinnufrið í bekknum mínum	Nemandi	✓	
Ég kem vel fram við skólafélaga mína	Nemandi	✓	

✓ Alltaf

○ Oft

✓ Stundum

✗ Aldrei

*Fylgiskjal 3 – Tengslakannanir fyrir 1. – 10. bekk*

**Nafn:** \_\_\_\_\_ **Bekkur:** \_\_\_\_\_

**Veldu 3 bekkjarfélaga þína:**

**1. Með hverjum vilt þú vinna verkefni í tíma?**

---

---

---

**2. Hverjum ertu oftast með í hléum/útvist?**

---

---

---

**3. Hverjum vilt þú helst vera með í hléum/útvist?**

---

---

---

## Fylgiskjal 4 – Mat á haustfundum



Haustfundir í Lindaskóla - Mat foreldra haustið 2016

Vinsamlega svarið eftirfarandi spurningum um haustfund barnanna ykkar.

Ef foreldrar eiga fleiri en eitt barn í skólanum eru þeir vinsamlega beðnir um að gera mat á haustfundunum fyrir hvert þeirra. Þá farið þið aftur í tölvupóstinn, opnið slóðina og svarið fyrir næsta barn.

Með kæru þakklæti, sjálfsmatsteymi Lindaskóla

Fyrirkomulag funda haustið 2016 var eftirfarandi:

- Í 1. bekk var námskeið fyrir foreldra: „Í skólanum, í skólanum er skemmtilegt að vera“. Nokkur erindi og umsjónarkennarar kynntu skólafarfið. Námskeiðið var kl. 17:30-20:00.
- Í 2. – 6. bekk voru tvískiptir morgunfundir frá kl. 8:20-9:20. Í fyrri hlutanum voru nemendur og foreldrar saman og í seinni hluta foreldrar með umsjónarkennurum á meðan nemendur fóru í útivist.

Í 7. - 10. bekk voru fundirnir eingöngu fyrir foreldra.

- 7. bekkur, kl. 17:00. Umsjónarkennarar kynntu skólafarfið.
- 8. bekkur, kl. 18:00. Fræðsluerindi, auk þess sem umsjónarkennar og deildarstjóri kynntu skólafarfið.
- 9. bekkur, kl. 17:00. Umsjónarkennarar kynntu skólafarfið.
- 10. bekkur kl. 20:00. Umsjónarkennarar, deildarstjóri og náms- og starfsráðgjafi kynntu skólafarfið og framhaldið.



1.

Barn mitt er í

- 1. bekk
- 2. bekk
- 3. bekk
- 4. bekk
- 5. bekk
- 6. bekk
- 7. bekk
- 8. bekk
- 9. bekk
- 10. bekk

2.

Ég var ánægð(ur) með haustfund Lindaskóla

- Mjög sammála
- Frekar sammála
- Frekar ósammála
- Mjög ósammála

3.

Tímasetning fundarins var góð (morgunfundur/síðdegisfundur/kvöldfundur)

- Mjög sammála
- Frekar sammála
- Frekar ósammála
- Mjög ósammála

4.

Tímalengd haustfundarins var góð

- Mjög sammála
- Frekar sammála
- Frekar ósammála
- Mjög ósammála

5.

Ég var ánægð(ur) með þær upplýsingar sem ég fékk á haustfundinum

- Mjög sammála
- Frekar sammála
- Frekar ósammála
- Mjög ósammála

6.

Það er gott að hafa allan árganginn saman á haustfundi

- Mjög sammála
- Frekar sammála
- Frekar ósammála
- Mjög ósammála

7.

Skipulag haustfundarins með nemendum og foreldrum var gott

- Mjög sammála
- Frekar sammála
- Frekar ósammála
- Mjög ósammála

8. Annað sem þú vilt að komi fram

Lokið



